

Valgreinar 2021 - 2022




Nemendur velja sér valgreinar í samráði við foreldra/forráðamenn

TÁKNMÁL

Nemendur læra undirstöðuatriði í táknmáli. Farið verður yfir stafrófið og læra nemendur að stafa nafnið sitt og tjá sig í einföldum setningum.

PÍLUKAST

Nemendur kynnast pílukasti og læra m.a. að leggja saman og draga frá í huganum. Nemendur fara í ýmsa leiki tengda pílukasti og keppa.



ELDA FISK

Nemendur læra nokkrar eldunaraðferðir með fisk. Soðinn, steiktur, plockfiskur, fiskréttir, lax, bleikja, fiskibollur frá grunni.

SCRAPBOOK

Nemendur koma með sínar uppáhalds ljósmyndir og fönðrað verður á pappír í kringum myndirnar.


ORIGAMI - KIRIGAMI

Nemendur læra að brjóta pappír samkvæmt fornri japanskri hefð. Nemendur munu læra fjölbreytt pappírsbrot. Til dæmis fugla, blóm, báta, bíla, húsgögn, mismunandi form og ýmislegt annað. Notaður verður hefðbundinn pappír sem og sérstakur munstraður origami pappír.

LEGO

Nemendur vinna með legókubba og leysa þrautir eftir teikningu. Þeir leita fyrirmynda úr umhverfi sínu og líkja eftir með tæknilegó efniviði.

Þeir fá að setja saman hluti sem í eru mótórar, ljós- og snertiskynjarar og fá kennslu í að forrita vélmenni (robot).



FÓTBOLTI

Farið verður í tækniæfingar, skotæfingar, skallaæfingar og sendingar. Mestur tíminn fer þó í að spila fótbolta.



TILRAUNIR

Fjölbreyttar tilraunir úr eðlisfræði, jarðfræði, efnafræði og líffræði. Endurnýtanleg orka, eldfjöll og ýmislegt annað.



BLAK

Tíminn er byggður upp á upphitun, blakæfingum, leikjum og að spila blak. Markmiðið er að nemendur fái að njóta sín í hreyfingu, læra reglur leiksins, spila blak, gera blakæfingar og fara í ýmsa leiki.

SKILTA- OG KLUKKUGERÐ

Kenndar verða nokkrar aðferðir við skilta- og klukkugerð. Nemendur velja sér texta til að setja yfir á tréplötu. Það fer eftir efninu sem við notum hvort við þurfum að mála plötuna.

MÓTORAR

Nemendur læra hvernig mismunandi mótórar virka. Þeir búa til líkan af mótórum og svo eru alvöru mótórar teknir í sundur, skoðaðir og settir saman. Prufukeyrsla sýnir svo hvort allt hafi verið rétt sett saman. Í sumum tímum er nauðsynlegt að nemendur komi í fötum sem mega verða óhrein. Þeir tímar verða auglýstir sérstaklega á Mentor.

RAFMAGN

Farið verður yfir helstu undirstöðuatriði rafmagns. Hvernig það lætur hluti hreyfast, ljós loga o.s.frv. Við tökum í sundur tæki og leikföng sem ganga fyrir rafmagni og skoðum þau. Auk þess lærum við um einfalda lógíkrás (NE555) sem er notuð til að stýra alls konar einföldum rafeindatækjum.


BÆNDUR OG BÚALIÐ

Nemendur kynnast bústörfum. Kindum, hestum fuglum og fleiri dýrategundum í sínu umhverfi.



ORKA OG TÆKNI - HS - VEITUR

Nemendur kynna störfum HS Veitna með áherslu á iðnmenntun. Hámark 12 nemendur. Leysa verkefni, kynna tækjum og tólum sem HS Veitur nota. Vettvangsferðir/skoðunarferðir.



STEINAMÁLUN

Markmiðið er að nemandi kynni og þjálfist í helstu aðferðum við steinamálun. Steinar málaðir fyrir heimilið, garðinn, pallinn, herbergið og allt annað sem okkur dettur í hug. Nemendur kynna alþjóðlegu steinaverkefni.

LEIKSKÓLI

Nemendur kynna starfi leikskólakennara. Farið verður í leikskólann og „unnið“ þar með kennaranum. Unnið með barnabókmenntir, skynjun ungra barna og leikinn sem kennsluáferð.

SKRAUTSKRIFT

Langar þig til að skrifa fallega í fermingarbók, gestabók, afmæliskort eða bréfsefni við önnur tækifæri? Gott námskeið fyrir alla sem hafa mikinn áhuga á ýmsum skriftartegundum og vilja öðlast færni í skrautskrift. Á námskeiðinu læra nemendur undirstöðuatriði skrautskriftar og ýmsar skreytingar.



FERMINGARVAL (NEMENDUR Í 8.BEKK)

Nemendur búa til sína eigin gestabók fyrir ferminguna. Hugmyndir hvernig hægt er að skreyta forsiðuna:

- Skera út nafnið sitt
- Brenna stafina og gera hana að gamalli bók
- Prenta út letur og myndir til stenslunnar
- Mála gestabókina

VEGAN

Nemendur fræðast um vegan matargerð. Hummus, hrökkkex, boost, baunabuff, grænmetislasagne, vegan sósur, vegan kaka, vegan nammi og millimál.

SKÁK

Markmiðið er að geta teflt og lært mannganginn. Tímarnir fara í það að tefla eftir allskyns formum, tíma, keppni o.s.frv.

KONFEKTGERÐ

Nemendur læra að gera konfekt fyrir jólin.



SILFURSMÍÐI

Markmiðið er að nemandi geti aukið hugmyndaflæði og skapandi hugsun. Að hann öðlist þekkingu á verkfærum sem tengjast silfursmíði og hafi grunnþekkingu og færni í silfursmíði. Geti hannað og smíðað skartgrip.

GLERVINNA

Við glervinnu (Tiffanys) er ætlast til að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að búa til hluti úr gleri og fái innsýn í það sem þessi skemmtilega gleriðn veitir. Allir nemendur fá sama verkefnið í byrjun til að kynnst því sem glerið hefur upp á að bjóða og læra þau undirstöðuatriði sem þarf að hafa til að vinna með glerið. Það sem nemandinn lærir er að: Skera glerið og pússa, setja álpynnu á brúnir glersins, tina glerið saman, setja snaga til að hengja upp glerdótið, setja fúgur á milli mósaiksins. Dæmi um verkefni: Gluggamynd, kertastjaki, kökudiskur og lampi.

HÁR

Nemendur læra ýmsar greiðslur, að flétta og snyrta hár. Umhirða og þvottur.

RAFÍPRÓTTIR

Í samstarfi við RAFÍK verður boðið upp á námskeið í rafípípróttum. Deildin kynnt fyrir nemendum. Leikir spilaðir. Námskeiðið fer fram í Keflavík.



SPIÐ

Nemendur kynnst mismunandi borðspilum sem og hefðbundnum spilum með spilastokk. Kynnt verða spil eins og Veistu svarið, Las Vegas, Tímalína, Kani, Kleppari og Manni. Nemendur fá einnig tækifæri til að kenna öðrum sín uppáhaldsspil.

BAKSTUR

Nemendur læra að baka kökur og kruðerí.

SKOTFIMI

Kennslan hefst á ítarlegri yfirferð á öryggisreglum um umgengni við notkun skotvopna og helstu umgengnisreglum á skotbönum/skotsvæðum. Nemendum eru kennd undirstöðuatriði í riffilskotfimi: stöðu, mipin, gikktækni og öndun. Nemendum kynntar helstu aðferðir við þrístöðu skotfimi (liggjandi, krjúpandi og standandi).

ÚTIVERA OG LJÓSMYNDUN

Síminn tekinn og farið í gönguferðir í okkar nánasta umhverfi og horft með ljósmyndaugum. Haldin verður sýning eða dagbók skilað.



GRÆÐA PENINGINN - FJÁRMÁLALÆSI

Námskeiðið á að stuðla að því að nemendur geri sér grein fyrir helstu þáttum fjármála heimilisins og skilji grunnhugtök sem þeir eiga eftir að mæta á lífsleiðinni sem varða fjármál heimilisins. Á námskeiðinu verður farið í helstu atriði fjármálalæsis. Nemendurnir geri sér grein fyrir helstu kostnaðar- og tekjupáttum heimilisins. Nemendur auki verðvitund og læri um lán, sparnað, vexti og vísitölu. Nemendur læra að gera rekstraráætlun fyrir einstakling, læra að lesa launaseðla og skilja hugtök sem fram koma á þeim s.s. skattar, launatengd gjöld og stéttarfélög og hlutverk þeirra og tilgang.

FABLAB - SKAPANDI HUGSUN, HÖNNUN OG NÝSKÖPUN

Nemendur kynnast Fablab smiðjunni sem er í Fjölbrautarskólanum í Breiðholti í Reykjavík. Nemendur hanna og búa til hlut með aðstoð tölvuforrits þar sem þeir læra inn á vektorateikningar. Fablab smiðjan í Reykjavík heimsótt þar sem hönnun nemenda verður að veruleika. Í smiðjunni er 3D prentari, laser skeri, vinyl prentari, útsaumsvél og fræsari.

YOGA

Yoga æfingar, teygjur, slökun, hugleiðsla og núvitund. Kynntar eru hinar ýmsu tegundir yoga og mikilvægi þess að geta slakað á og notið lífsins hér og nú.

FÉLAGSMIÐSTÖÐ - ELDINGIN

Starfsmaður félagsmiðstöðvarinnar kynnir starfið í félagsmiðstöðinni/eldingunni. Nemendur mynda tengsl við Eldinguna og kynnast því hvað fer fram þar. Klúbbastarf og leikir.

ENSKUR KLÚBBUR

Nemendur munu lesa texta og ræða þá. Þeir munu horfa á kvikmyndir og ræða þær líka. Nemendur munu tala mikið, rökræða og eiga í samskiptum.

Hálfsársval

SNILLITÍMAR

Nemendur í 5. - 7. bekk þekkja snillitímana. Hérna verður kafað dýpra í verkefnin. Rannsóknarspurning sett fram og unnið eftir því.



STUTTMYNDAGERÐ

Markmiðið er að nemendur kynnist vinnuferli við gerð stuttmynda og hvernig þeir geta notað myndmál á skýran og hnitmiðaðan hátt. Þeir læra á videótökuvélar, videóvinnsluforrit og uppbyggingu stuttmynda.

TEXTÍLL

Í valgreininni gefst nemendum kostur á að kynnast fjölbreyttum aðferðum og efnum námsgreinarinnar textílmennt. Nemendur velja að vinna með þá aðferð sem þeir hafa mest gaman af og vinna verkefni að eigin vali hvort sem það er ein sérstök aðferð eða margar eins og t.d. vélsaumur (fatasaurur, nytjahlutir, töskur, púðar) útsaurur, þrjón, hekl, þæfing, þrykk og bútsaurur. Markmiðið er að nemendur læri að beita fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar. Læri að vinna áfram með áunna þekkingu í textílmennt og að nýta sér margvíslega miðla til að afla sér upplýsinga til að vinna út frá í textílmennt. Læri einnig að hanna og skapa textílafurð á skapandi og persónulegan hátt.



ENSKI BOLTINN

Megintilgangur kennslu í enska boltanum er að nemendur öðlist dýpri þekkingu og skilning á ýmsum atriðum í tengslum við enska knattspyrnu. Tímarnir eru bóklegir og verður farið yfir enska boltann frá hinum ýmsu sjónarhornum þar sem m.a. er farið yfir ýmsa tölfræði, efri og neðri deildir, árangur einstaklinga og liða, sögu félaga, leikgreiningu og fleira.

ANIME

Farið verður um víðan völl í helstu Anime teiknimyndum. Skoðað áhrif og sögu Japans í gegnum bæði bíómyndir og teiknimyndaseríur. Lærðir helstu frasar í japönsku. Studio Ghibli útgáfufyrirtækið rannsakað og horft á Óskarsverðlaunamyndina Princess Mononoke. Allt áhorf fer fram á frummálinu, japönsku.



MYNDMENNT

Nemendur læra að teikna, lita, skyggja og mála. Unnið með allskonar efni, pennsla, pappír o.fl.

SMÍÐI

Markmiðið með smíðakennslu er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfu einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Tekið er mið af hæfileikum og getu nemandans og stuðlað að jákvæðu viðhorfi til smíðinnar. Nemandinn getur fengið að móta og hanna ákveðið útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt og einnig að endurgera og breyta öðrum hlutum. Í smíðakennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt.

Heilsársval

ÍPRÓTTIR

Nemendur fara í íþróttaleiki. Markvisst íþrótt- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda heldur einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan.



KVIKMYNDAFRÆÐI

Í námskeiðinu verður stiklað á stóru í kvikmyndasögunni. Nemendur læra að skoða kvikmyndir sem eitthvað meira en bara afþreyingu og kynnst ýmsum þáttum kvikmyndagerðarinnar eins og klippingu, lýsingu og kvikmyndatöku. Skoðaðar eru kvikmyndir sem tengjast því sem verið er að fjalla um hverju sinni.


LEIKLIST

Farið verður í nokkur grundvallaratriði í leiklist. Spunaleikir kenndir til að virkja skapandi hugsun og samvinnu í hóp. Æfðar verða litlar leiksenur. Nemendur fá að skapa, túlka og tjá eigin hugmyndir. Þannig eflist bæði sjálfstæði og sjálfsöryggi. Æfa söngtækni, sviðsframkomu og samsöng. Farið í grunn danstækni og dansar kenndir og æfðir. Markmiðið er að nemendur öðlist sjálfstraust og færni til að koma fram, syngja, dansa og flytja texta af öryggi og hafi gaman af.



HEIMANÁM/NÁMSTÆKNI

Markmiðið er að nemandi fái aðstoð við heimavinnu í skólanum. Nemendur geta komið með heimaverkefni sín og fengið aðstoð frá kennara. Einnig verður boðið upp aðstoð við námstækni/skipulag við nám.



SKÓLAHREYSTI OG LÍKAMSRÆKT

Verklegir tímar þar sem undirbúningur fyrir Skólahreysti fer fram. Alhliða líkamspjálfun bæði inni og úti. Nemendur kynnst mikilvægi þess að stunda heilsusamlega hreyfingu og lifa heilbrigðu lífi.

FRÍSTUND

Unnið með börnum í frístund. Nemandinn kynnist undirbúningi og verkefnum sem lögð eru fyrir börn í frístund en þar eru nemendur í 1. - 3. bekk. Farið er út í leiki, inni og úti, borðað nesti o.fl.


SKÓLABLAÐ

Skólablað (rafrænt með Sway). Hugmyndin er að gefa út eitt blað í mánuði. Nemendur taka viðtöl, búa til fréttir úr skólastarfinu og nærsamfélaginu og myndbönd tengd þeim, taka myndir og skrifa um lífið í skólanum og samfélaginu. Markmið: Að nemendur eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Að efla samskiptafærni nemenda. Að nemendur læri að taka viðtal. Að nemendur geti beitt skipulögðum vinnubrögðum við ritun. Að nemendur geti skrifað mismunandi textagerðir. Að nemendur geti skrifað rafrænan texta og tengt texta, hljóð og mynd eftir því sem við á, geri sér grein fyrir lesanda og miða samningu texta við hann. Að nemendur öðlist færni í vinnu á ýmsum miðlum s.s. ritvinnslu, útgáfu, myndvinnslu, hljóð- og myndupptöku. Námsmat byggir á að nemendur ljúki við öll verkefni af verkefnalista.

Valgreinar utan Gerðaskóla

ÍPRÓTTAÐKUN/TÓMSTUNDIR

Þessi valgrein er fyrir þá nemendur sem stunda ípróttir af miklu kappi hjá ípróttafélagi eða eru í viðurkenndu tómstundastarfi t.d. ballett, fótbolta, skátunum eða björgunarsveit. Markmiðið er að viðurkenna þá vinnu sem liggur að baki ípróttaiðkun/tómstundum með því að meta greinina sem eina valgrein allan veturinn.



TÓNLISTARNÁM

Valgrein allan veturinn í tónlistarskóla. Nemendur sem stunda nám í tónlistarskóla geta fengið nám sitt metið sem eina valgrein allan veturinn.

FJARNÁM ANNAÐ EN FS

Nemendur sem stunda fjarnám við annan framhaldsskóla en F.S. fá nám sitt metið sem eina valgrein allan veturinn.



BJÖRGUNARSVEIT

Þeir nemendur sem eru virkir í björgunarsveit geta fengið nám sitt metið sem eina valgrein allan veturinn.



FÉLAGSMIÐSTÖÐ - ELDINGIN

Valgrein allan veturinn í félagsmiðstöðinni. Nemendur sem eru í nemendaráði/húsráði fá starf sitt metið sem eina valgrein allan veturinn.

**Valgreinar í samvinnu við FS
Eingöngu fyrir 9. og 10. bekk**

VALFÖG KENND Á ÞRIÐJUDÖGUM KL.14:50 - 16:15

ENSK2K005

Áhersla er lögð á að nemendur verði vel læsir á krefjandi texta. Þeir verða þjálfaðir í að tileinka sér krefjandi orðaforða, tjá hugsun sína skýrt í riti og rökstyðja skoðanir sínar. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan orðaforða og góðan skilning. Lesin eru bókmenntaverk úr hinum enskumælandi menningarheimi.

RAFG1KY05

Í áfanganum fá nemendur að kynnst störfum rafvirkja og rafeindavirkja auk þess sem handverkfæri eru kynnt og nemendum kennt að nota þau rétt. Farið verður m.a. í rafmagnsfræði, rofabúnað og rafeindarásir þar sem nemendur fá að smíða einfaldar rafeindarásir, eins og t.d. blikkara. Áfanginn er metinn til þriggja eininga í grunndeild rafiðna.

SPÆN1SO05

Megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur eru þjálfaðir í lestri, hlustun, tali og ritun. Einföld málfræðiatríði eru kynnt og útskýrð. Áhersla lögð á uppbyggingu orðaforða og viðeigandi málsnið. Umfjöllun um Spán, spænska menningu og spænskumælandi málsvæði. Efni á netinu kynnt og ýmis konar annað ítarefni, s.s. tónlist og myndefni.

TXHÁ1HF05

Kennt er einu sinni í viku tvær kennslustundir, aðra vikuna textíl og hina hár. Nemendur kynnst tískustraumum í hártísku, fatnaði og förðun. Verklegur áfangi.

VALFÖG KENND Á MIÐVIKUDÖGUM KL. 14:50 - 16:15

ÞÝSK1ÞO05

Megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur eru þjálfaðir í lestri, hlustun, tali og ritun. Einföld málfræðiatríði eru kynnt og útskýrð. Áhersla lögð á uppbyggingu orðaforða og viðeigandi málsnið. Umfjöllun um Þýskaland, þýska menningu og þýskumælandi málsvæði. Efni á netinu kynnt og ýmis konar annað ítarefni, s.s. tónlist og myndefni.

HÚSA1KY05

Nemandi hannar og býr til einhvern hlut t.d. hillu, skáp, borð eða annan nytjahlut úr timbri. Farið er í örlitla efnisfræði samhliða smíði og hönnun hlutarins og efnisvali. Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum, verklægni og framförum á því sviði. Vinnslu hugmyndar til veruleika.

STÆR2AH05

Meginefni áfangans er algebra, föll og hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi. Efnispættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru: bókstafareikningur, veldi og rætur, jöfnur af öðru stigi, könnun annars stigs ferla (fleygboga) í hnitakerfi, meðferð algebrubrota, margliðudeiling, ójöfnur af fyrsta og öðru stigi og hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi. Föll: fallhugtakið er innleitt og nokkur algeng föll kynnt.

FORR1LE05

Leikjaforritun. Markmið áfangans er að nemendur kynnist hugtökum forritunar og þjálfist í að skrifa kóða með lykkjum, föllum og skilyrðissetningum. Í áfanganum munu nemendur kynnast grunnatriðum forritunar og er þá leitast við að nota myndræna miðlun á efninu. Nemendur munu kynnast því hvernig hægt er að nota mismunandi verkfæri og búa þannig til sín eigin forrit. Nemendur læra að þekkja einföld forritunarhugtök og geta lýst í stuttu máli hvað forritun er og hvernig hún virkar. Nemendur kynnast fjórum mismunandi aðferðum til að búa til forrit.

**Valfög í FS eru fyrir nemendur sem standa sig vel í námi
og eru með fyrirmyndar ástundun.**